

AUGLÝSING

um umferð á Selfossi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Selfoss hefur verið ákveðið:

1. Að Fossheiði fái aðalbrautarrétt gagnvart Erlurima, Aðaltjörn, Engjavegi og Norðurtröð.
 2. Að Erlurimi fái aðalbrautarrétt gagnvart Spóarima, Aðaltjörn og Prastarima.
 3. Að Aðaltjörn fái aðalbrautarrétt gagnvart Bakkatjörn, Baugstjörn, Fífutjörn, Grundartjörn, Hólatjörn, Hrauntjörn, Seftjörn, Sílatjörn og Urðartjörn.
 4. Að biðskylda verði á Selósbraut (Lágheiði) gagnvart Eyravegi og Gagnheiði.
 5. Að umferð á Tryggvatorgi skuli hafa forgang gagnvart umferð á aðliggjandi götum.
- Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 1994.

Sýslumaðurinn á Selfossi, 3. janúar 1994.

Karl Gauti Hjaltason ftr.

REGLUGERÐ

um greiðslu útfararkostnaðar o.fl.

1. gr.

Kirkjugörðum eða kirkjugarðasjóði ber að greiða kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

Greiðsluskyldur útfararkostnaður er:

- a. Þóknun til prests og annar kostnaður samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma fyrir aukaverk presta.
- b. Eðlilegur kostnaður við grafartöku.

Kirkjugarði ber að greiða eðlilegan kostnað við árlegt viðhald legstaðar, svo sem hreinsun hans, hirðingu trjáa og annars gróðurs og smávægilegar lagfæringar á leiði, minnismarki eða öðru, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Greiðsluskylda samkvæmt a lið 2. málsg. 1. gr. hvílir á kirkjugarði þeim sem kirkjugarðsgjöld hins látna runnu til á dánardægri hans, en á kirkjugarðasjóði hafi kirkjugarðsgjöld hins látna runnið þangað. Greiðsluskylda vegna andláts barns sem eigi hefur greitt kirkjugarðsgjöld hvílir á kirkjugarði þeirrar sóknar þar sem barnið átti lögheimili á dánardægri.

Skylda til greiðslu annars kostnaðar vegna prestsþjónustu en þóknunar til prests, sbr. a lið 2. málsg. 1. gr., ef honum er til að dreifa, takmarkast að jafnaði við fjárhæð sem nemur 1/3 af þóknun til prests fyrir kistulagningu og greftrun með ræðu.

Kostnaður samkvæmt b lið 2. málsg. 1. gr. og 3. málsg. 1. gr., greiðist af kirkjugarði þeim er hinn látni er jarðsettur í.

Ef jarðsett er í löglegan heimagrafreit greiðir kirkjugarður sömu sóknar kostnað þann er greinir í b lið 2. málsg. 1. gr. en þó eigi meira en nemur eðlilegum kostnaði við grafartöku í sama kirkjugarði. Kirkjugarði ber eigi að greiða kostnað við viðhald legstaða í heimagrafreit.